

Hrönn Jónsdóttir

From: Sýlvía Karen Heimisdóttir
Sent: fimmtudagur, 10. febrúar 2022 11:05
To: Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Subject: FW: Alvarleg bílvelta og nýr vegkaflí.
Attachments: Til Sigurðar Inga Jóhannssonar.docx; 20220208_165711.jpg; 20220208_165817.jpg; 20220208_165849.jpg; processed-948f6134-57ad-450f-8459-6ab2201b37aa_mOYIRDo0.jpeg

Categories: GoPro: Skjalað undir 202202-0002 - Erindi v. vegkafla við Kálfá - Í vinnslu (mál)

Hæhæ

Viltu setja inn erindi sem heitir Vegakaflí á bökkum Kálfár- ályktun stjórnar.

From: Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps <oddviti@skeidgnup.is>
Sent: miðvikudagur, 9. febrúar 2022 10:15
To: Sýlvía Karen Heimisdóttir <sylviakaren@skeidgnup.is>
Subject: FW: Alvarleg bílvelta og nýr vegkaflí.

From: Hörður Harðarson <hordur@korngris.is>
Sent: þriðjudagur, 8. febrúar 2022 18:38
To: sij@althingi.is; Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið <srn@srn.is>; bergthora.thorkelsdottir@vegagerdin.is; Svanur G. Bjarnason <svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is>; Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps <oddviti@skeidgnup.is>
Subject: Alvarleg bílvelta og nýr vegkaflí.

Komið þið sæl!

Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra
Bergþóra Þorkelsdóttir, vegamálastóri
Svanur Geir Bjarnason, svæðisstjóri
Skafti Bjarnason, oddviti

Í dag, 8. Febrúar 2022, varð alvarleg bílvelta skammt vestan við vegamót Gnúpverjavegar 325 og Mástunguvegar 329. Fóðurbíll frá Líflandi valt skömmu eftir að hafa tekið beygju af Gnúpverjavegi. Ekki urðu slys á fólki.

Umtalsverður kostnaður mun fylgja því að koma bílnum aftur upp á veginn en dæla þarf úr honum um 8 tonnum af fódri.

Lengi hefur verið unnið að því að fá nýjan veg á bökkum Kálfár, sem myndi verða þess valdandi að umferð um hættulegar brekkur á þessu svæði myndu leggjast af. Bent hefur verið á stöðugt aukna þungaflutninga, um þá vegi sem hér um ræðir, og þá slyshættu sem því fylgir.

Nýr vegur á bökkum Kálfár hefur verið settur á aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029.

Þar sem hér er um afar brýnt mál að ræða, leyfum við okkur að láta fylgja hér með erindi, sem sent var Sigurði Inga Jóhannssyni, innviðaráðherra, þann 20. Janúar s.l.. Þar koma fram helstu rök fyrir framkvæmdinni, þó svo alvarlegt óhapp í dag, hafi hnykkst enn frekar á á mikilvægi málsins. Einnig eru í viðhengi myndir frá vettvangi.

Við hvetjum viðtakendur þessa pósts til að leggja málinu lið, svo að framkvæmdir geti hafist sem fyrst.

Kær kveðja,
Björgvin Þór Harðarson og Hörður Fossberg Harðarson, Laxárdal 2